

Alþingi
Erindi nr. P 141/714
komudagur 26.11.2012

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: frumvarp til laga um útgáfu og meðferð rafeyris, 216. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um útgáfu og meðferð rafeyris. Hér koma helstu athugasemdir SFF.

2. gr.

Samkvæmt a – lið 2. gr. gilda lög þessi ekki *um peningaleg verðmæti sem geymd eru á miðlum sem aðeins er unnt að nota til kaupa á vörum og þjónustu á athafnasvæði útgefanda eða samkvæmt viðskiptasamningi við útgefanda, annaðhvort innan afmarkaðs þjónustukerfis þjónustuveitenda eða fyrir takmarkað svið vara og þjónustu, og fjárhæð sem geymd er á miðlinum á hverjum tíma fari ekki yfir 100.000 kr.*

Í athugasemdum við 2. gr. kemur fram að fjárhæðarhámarkinu er bætt við ákvæðið og því gangi texti a – liðar 2. gr. lengra en texti tilskipunar 2009/110/EB sem verið er að innleiða með lögunum.

Laqt er til að fjárhæðarhámarkin verði tekin til endurskoðunar, þau hækkuð eða felld út. Þeir miðlar sem gætu fallið undir undanþágu a – liðar 2. gr. eru þegar um er að ræða miðla sem einungis er hægt að nota í „lokuðu hagkerfi“ þá eru þeir ekki með fjárhæðarhámark. Komi til þess að þessi „lokuðu hagkerfi“ verði þvinguð til að vera rafeyrir og heyra undir kröfur laganna, s.s. um hæfi stjórnenda og heyra undir eftirlit FME leiðir slíkt til takmarkaðra úrval slíkra korta (rafeyris) þar sem kröfur laganna leiða til kostnaðar fyrir útgefanda sem birtist í verðlagi til þess er kaupa vill kortið (rafeyrinn). Hindrun sem þessi leiðir að öllum líkindum til færri þátttakenda á markaði fyrir útgáfu rafeyris en ella. Algengt er að gjafakort eða vildarkort sem notuð eru í lokuðu hagkerfi séu notuð til kaupa á stökum vörum eða vöruflokkum eins og t.d. kaupum á flugmiðum eða álíka og er oftast en ekki um að ræða hærri fjárhæðir en 100 þús. kr. Það er því ekki hagur neytenda að fjárhæðarhámark sem þessi séu til staðar þegar á annað borð er um að ræða kort sem einungis hægt er að nota í svokölluðu „lokuðu hagkerfi“.

Einnig ef um er að ræða endurhlaðanlegan miðil má nefna algengt dæmi þar sem jafnt fyrirtæki og heimili nota miðilinn til að stýra innkaupum starfsmanna/fjölskyldu innan lokaðs kerfis, svo sem matarkort eða bensínkort og er þá áætlaður heildarkostnaður við útgjöld í þessum lið lögð inn á miðilinn í upphafi hvers mánaðar/tímabils, 100 þús. kr. eru það lág fjárhæðarmörk að telja má líkur á því að fjárhæðarmarkið verði viðskiptavinum til trafala.

Einnig má geta þess að erfitt getur reynst að framfylgja slíkum fjárhæðartakmörkunum á endurhlaðanlegum miðlum innan lokaðs kerfis þar sem algeng sviðsmynd í dag þar sem einungis er unnt að nota miðil á athafnasvæði útgefanda t.d. matarkort, er sú að neytendum er gert kleyft að endurhlaða miðil með því að millifæra í viðskiptabanka sínum inn á þar til gerðan tékkareikning útgefanda rafeyris sem verður sjálfkrafa flutt inn á miðilinn. Útgefandi rafeyris getur ekki haft fulla stjórn á því hversu háar fjárhæðir berast inn á tékkareikning sinn en ljóst er að það er í hag neytenda að geta með einföldum hætti endurhlaðið miðilinn í gegnum þann viðskiptabanka sem hann er í viðskiptum við.

Lagt er til að eftirlitsaðilum verði heimilt í ákveðnum tilfellum að aflétta skilyrði lagana um fjárhæðartakmörk ef hægt er að sýna fram á að rafeyrishagkerfi uppfylli nánar tiltekin skilyrði, t.d. þar sem um gagnsætt rafeyriskerfi er að ræða og möguleikar á peningabætti eru litlir eða ekki til staðar.

Lagt er til að frekari vinna verði lögð í að meta það hvað telst vera „afmarkað þjónustukerfi“ með tilliti til þeirrar rafeyrisþjónustu sem er í boði á markaði og þróunar á mismunandi eiginleikum og tegundum rafeyris. Þannig verði meira gagnsæi í því hvaða teljist til starfsemi sem fellur ekki undir lögin. Hugsanlega getur verið nauðsynlegt fyrir eftirlitsaðila að gefa leiðbeinandi tilmæli eða skýringar á hugtakinu en rétt er gera ráð fyrir að viðskipti í rafeyri eigi eftir að þróast talsvert í framtíðinni

4. gr. Orðskýringar

Lagt er til að sett verði inn skilgreining á hugtakinu *dreifiaðili*. Nauðsynlegt er að lögin varpi ljósi á hverjir séu þáttakendur á markaði rafeyris. Til aukinnar skýringar telur SFF rétt að minnst sé á dreifiaðila sem eru vinsælir erlendis og þar með gerður skýr greinarmunur á hlutverki og skyldum, annars vegar dreifiaðila og hins vegar umboðsaðila. Umboðsaðili og dreifingaraðili er ekki sami aðili og að dreifingaraðili hefur ekki aðgengi að rafeyrnum tengdum þjónustu sem dreifingaraðili veitir og því eru ekki lagðar eins íþyngjandi skyldur á dreifingaraðili eins og umboðsaðila. Lögð er til eftirfarandi skilgreining:

Dreifingaraðili er sá sem einungis veitir þjónustu í formi sölu og dreifingar rafeyris fyrir hönd útgefanda og hefur ekki með höndum greiðsluþjónustu í skilningi 4. gr. laga nr. 120/2011

7.gr. Innlausn rafeyris

Í 1. mgr. 7. gr. segir að: *Útgefanda rafeyris ber að innleysa peningalegt verðmæti rafeyris án tafar og á nafnverði, að kröfu handhafa rafeyrisins.*

Þá kemur fram í athugasemdum um 7. gr. að ef handhafi rafeyris krefst innlausnar á andvirði 3.000 kr. sem hann á í rafeyri þá ber hlutaðeigandi útgefanda tafarlaust að greiða handhafanum þá fjárhæð. Þetta skilyrði stangast á við 8. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um heimild til gjaldtöku vegna innlausnar.

Svo alveg skýrt sé að heimilt gæti verið að taka þóknun vegna kröfu um innlausn rafeyris er lagt til að bætt verði við 1. mgr. eftirfarandi texta þannig að greinin hljómi svona:

*Útgefanda rafeyris ber að innleysa peningalegt verðmæti rafeyris án tafar og á nafnverði, að kröfu handhafa rafeyrisins, **að teknu tilliti til heimildar til gjaldtöku vegna innlausnar.***

7. og 8. gr. Innlausn rafeyris og þóknun vegna innlausnar

Gerð er athugasemd við það að innlausn rafeyris eftir samningslok er ekki takmarkaður. SFF telja nauðsynlegt að skýrt sé í hversu langan tíma er hægt að innleysa rafeyrir. Ef heimilt er að innleysa rafeyri í ótakmarkaðan tíma eftir samningslok mun það hafa í för með sér aukið utanumhald fyrir rafeyrisfyrirtæki og þar af leiðandi aukinn kostnað fyrir neytendur.

Rafeyrir hefur verið tekið vel af neytendum og er m.a. vinsæl jóla- og tækifærisgjöf og hefur í auknum mæli verið notað af hjálparsamtökum, s.s. Hjálparstofnun kirkjunnar. Aukinn kostnaður við að hafa gildistíma rafeyris ótakmarkaðan mun lenda á þessum viðskiptavinum rafeyrisfyrirtækja. Lagt er til að innlausnartími eftir samningslok verði takmarkaður við 6 ár. Slíkt hefur m.a. verið gert í breskri löggjöf þar sem hægt er að innleysa rafeyrir í 6 ár eftir samningslok.

26. gr. Hæfismat stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda

Mikilvægt er að reglur um hæfi og kröfur til stjórnenda varðandi þekkingu á rekstri rafeyrisfyrirtækis endurspegli undirliggjandi áhættur sem eru mun minni en hjá lánafyrirtækjum. Nauðsynlegt er að kröfur til stjórnenda sé svipaður um alla Evrópu. sbr. 14. mgr. aðfararorð Evróputilskipunar 2009/110/EB en þar segir: „It is necessary, however, to preserve a level playing field between electronic money institutions and credit institutions with regard to the issuance of electronic money to ensure fair competition for the same service among a wider range of institutions for the benefit of electronic money holders. This should be achieved by balancing the less cumbersome features of the prudential supervisory regime applying to electronic money institutions against provisions that are more stringent than those applying to credit institutions, ...“

SFF leggja til eftirfarandi breytingu á 3. mgr. 26. gr.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvernig staðið skuli að hæfismati stjórnarmanna og framkvæmdastjóra skv. 1. mgr. Í reglunum skal tekið tillit til eðli starfsemi fyrirtækis og umfangi reksturs.

35. gr. Umboðsaðilar.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitið setji fram skýrar reglur eða leiðbeinandi tilmæli um hvaða kröfur eru gerðar til innri eftirlitskerfa og hvaða hæfiskröfur stjórnendur umboðsaðila þurfa að uppfylla. Það þarf að liggja fyrir hverskonar aðilum stendur til boða eða hægt er að nýta sem samstarfsaðila í rafrænum viðskiptum.

SFF leggja til eftirfarandi viðbót við 35. gr. þ.e. 6. Mgr. 35. gr.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvaða skilyrði innri eftirlitskerfi umboðsaðila þurfa að uppfylla og hvernig meta skal hæfi stjórnenda skv. 1. mgr. Í reglunum skal tekið tillit til eðli starfsemi fyrirtækis og umfangi reksturs.

45. gr. Gildistaka laganna.

Gildistaka laganna er áætluð 1. janúar 2013. Því er gert ráð fyrir að lögin verði samþykkt fyrir árslok 2012. Er lagt til að fyrirtæki sem falli undir lögin fái ákveðin aðlögunartíma fyrir gildistöku laganna og að lögin taki gildi 1. júní 2013.

46. gr. Breyting á öðrum lögum

2. Lög nr. 65/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, með síðari breytingum:

b. Við 15. gr. a bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Við útgáfu rafeyris, í skilningi laga um útgáfu og meðferð rafeyris, þegar fjárhæð rafeyris sem geymd er á greiðslumiðli fer ekki yfir 250 evrur þegar um er að ræða greiðslumiðil sem ekki er hægt að endurhlaða eða fjárhæð rafeyris sem geymd er á greiðslumiðli fer ekki yfir 500 evrur þegar um er að ræða greiðslumiðil sem ekki er hægt að endurhlaða og aðeins er hægt að nota hérlendis eða heildarfjárhæð rafeyris sem geymd er á greiðslumiðli fer ekki yfir 2.500 evrur á almanaksárinu þegar um er að ræða endurhlaðanlegan greiðslumiðil, nema þegar handhafi innleysir rafeyri að hærri fjárhæð en 1.000 evrur innan sama almanaksárs.

Samkvæmt tilskipuninni hafa EES ríkin heimild til að hækka mörkin í 500 evrur og hafa mörg hver þeirra gert það, sbr. Bretland sem er þróaðasti og stærsti markaður fyrir rafeyri. Þar sem vitað er hve lengi Íslendingar hafa notað greiðslukort, þ.m.t. fyrirframgreidd greiðslukort (rafeyri), með öruggum hætti á áratugi hefur verið eftirspurn eftir útgáfu rafeyris yfir landamæri frá íslenskum fyrirtækjum. Rafeyrinn getur þá verið í formi félagslegara bóta og tryggingabóta sem í stað greiðslu í formi ávísunar eru greidd í rafeyri. Einnig rafeyrir sem tjónþoli fær frá tryggingafélagi í stað ávísunar. Ávísanir eru enn algengar erlendis en víða er verið að finna leiðir til að draga úr þeim. Verði viðmiðunarmörkin í íslensku peningaþvættislögunum lægri, þá má leiða líkum að því að íslensk fyrirtæki, sem m.a. hafa reynslu og stunda nýsköpun í formi hugbúnaðarþróunar fyrir útgáfu rafeyris með menntuðu starfsfólki en skv. nýlegri McKinsey skýrslu verður Ísland að styrkja sig á sviði nýsköpunar, eigi ekki von á að geta fengið verkefni í þeim löndum þar sem viðmiðunarmörk þeirra landa eru hærri þrátt fyrir að vera einstaklega vel búinn til að taka að sér slík verkefni. Áreiðanleikakönnun kostar bæði fjármuni og tíma sem aðrir „lókál“ þátttakendur á þeim markaði þurfa ekki að sæta.

SFF leggja til eftirfarandi breytingu á ákvæðinu.

Við 15. gr. a bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Við útgáfu rafeyris, í skilningi laga um útgáfu og meðferð rafeyris, þegar fjárhæð rafeyris sem geymd er á greiðslumiðli fer ekki yfir 500 evrur þegar um er að ræða greiðslumiðil sem ekki er hægt að endurhlaða. eða heildarfjárhæð rafeyris sem geymd er á greiðslumiðli fer ekki yfir 2.500 evrur á almanaksárinu þegar um er að ræða endurhlaðanlegan greiðslumiðil, nema þegar handhafi innleysir rafeyri að hærri fjárhæð en 1.000 evrur innan sama almanaksárs.

SFF eru hvenær sem er tilbúin að koma á fund nefndarinnar til að fara nánar yfir framangreindar athugasemdir, sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur